





Reykjavík, 12. september 2024
USK24080297

Gufunesvegur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Endurnýjun á starfsleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. ágúst 2024 var lagður fram tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 27. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Sorpa bs. um endurnýjun á starfsleyfi fyrir móttökustöð Sorpu að Gufunesvegi 10. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og til gildistíma starfsleyfis en starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru að jafnaði gefin út til 12 ára.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin 14 lónaðarsvæði Gufunesi.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 9. mars 1999 ásamt síðari breytingum.

„Þann 13. desember 2018 var samþykkt í Borgarráði nýtt deiliskipulag af fyrsta áfanga, 6,9 hektara svæði, nýs hverfis í Gufunesi í samræmi við niðurstöður í hugmyndasamkeppni. Gerð er ráð fyrir að seinni áfangar fari fljótlega af stað í skipulagsvinnu. Annar áfangi nýs hverfis yrði þar sem starfsemi Íslenska Gámafélagsins er í dag, en síðasti áfanginn yrði á lóð Sorpu. Tímasetningar fyrir þriðja og síðasta áfanga liggja ekki fyrir enda Sorpa með lóðarleigusamning í gildi.“

Umsögn/ Niðurstaða

Starfsemi Sorpu er í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag. Hins vegar gerir framtíðarsýn fyrir Gufunes ráð fyrir íbúðarbyggð á svæðinu í áfanga 3. Sorpa er því víkjandi starfsemi á svæðinu.

Gert er skipulagsleg athugasemd við erindið. Samræmist ekki framtíðarnotkun svæðisins og því ekki hægt að veita starfsleyfi til 12 ára. Ekki er gerð athugasemd við að veita tímabundið starfsleyfi til 5 ára.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir



verkefnastjóri